

Reykjavík, 4. mars 2004.

Skýrsla Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála um starfssemi nefndarinnar árið 2003.

Þrjú mál bárust nefndinni á árinu.

Mál nr. 1/2003: Í máli þessu kærði Vox ehf. til samgönguráðherra álit Póst- og fjarskiptastofnunar um skilmála fyrir 900 þjónustu Landssíma Íslands hf. en umfjöllunarefnið snerist um hvort Landssíma Íslands hf. bæri að afhenda Vox ehf. óinnheimtar kröfur vegna 900 þjónustu fyrirtækisins. Úrskurðarnefnd taldi að ýmsir annmarkar væru í málatilbúnaði aðila m.a. með vísan til þess að Póst- og fjarskiptastofnun hefði ekki gefið út formlegan úrskurð heldur væri um að ræða svar hennar við tilteknu álitaefni, og væri slíkt álit ekki kærnanlegt til úrskurðarnefndar.

Málinu var vísað frá nefndinni.

Mál nr. 2/2003: Í máli þessu kærði Sigurmar K. Albertsson úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar um gjald fyrir geymslu og endurtengingu heimilissíma og gerði kröfu til að gjald þetta yrði lækkað verulega.

Málinu var vísað frá nefndinni.

Mál nr. 3/2003: Í máli þessu kærði Landssími Íslands hf. þá ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar að hafna kröfu Landsíma Íslands hf. um að Og fjarskipti hf. væri útnefnt með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaði. Umfjöllunarefnið snerist í aðalatriðum um hvort markaðshlutdeild Og fjarskipta hf. væri svo mikil að leggja bæri sömu kvaðir á Og fjarskipti hf. og Landsíma Íslands hf. hvað þetta varðar.

Úrskurðarnefnd byggði ákvörðun sína m.a. á athugun á möguleikum fyrirtækisins til að hafa áhrif á markaðsaðstæður, athugun á veltu þess í hlutfalli við stærð markaðar, hvernig aðgengi þess væri að fjármagni, hvort fyrirtækið hefði stjórn á aðgangi að notendum og hvort fyrirtækið hefði reynslu af markaðsfærslu vöru og þjónustu.

Niðurstaða nefndarinnar var að ógilda úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar. Og fjarskipti hf. skal teljast fyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild á samtengingarmarkaði.

Í nefndinni sátu sem aðalmenn Ólafur Garðarsson hrl., formaður, Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Káráson verkfræðingur. Varamenn voru Lára V. Júlíusdóttir hrl., Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi og Þórarinn K. Ólafsson verkfræðingur.